

Mál nr. 172/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar

Vatnstjón á bifreið þann 08.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.09. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.09. 2008, ásamt niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 257/2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið í undirgöng á Reykjanesbraut við Hnoðraholt í Garðabæ í umrætt sinn þegar hún lenti í miklu vatnsflóði/polli sem þar myndaðist sbr. nánar fyrirliggjandi gögn máls þessa þ.á m. skýrslu lögreglu. Ökumaðurinn reyndi að komast úr þeim erfiðleikum sem hann hafði lent í en það mistókst og bifreiðin skemmdist.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna taldi að tjón M væti bótaskyld. Með vísan til greinar 4.5 í vátryggingaskilmálum bætir vátryggingin tjón sem rakið er til þess að vatn flæðir skyndilega inn í undirgöngin og inn í bifreiðina. Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð og niðurstöðu Tjónanefndar sbr. röksemdafærslu þess vegna málskotsins. Það telur að ekki hafi verið um flóð að ræða samkvæmt vátryggingaskilmálum. Félagið vísar og til niðurstöðu Úrskurðarnefndar í máli 257/2006, afstöðu sinni til stuðnings. Verði ekki fallist á skilning félagsins telur félagið að tjónið sé ekki bótaskyld með vísan til 8. – 9. gr. sameiginlegra vskilmála félagsins þar sem fjallað er um afleiðingar þess ef tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Félagið telur að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem hafi í för með sér brottfall bótaréttar.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Samkvæmt grein 4.5 í vátryggingaskilmálum al-kaskótryggingar bætir vátryggingin tjón á ökutækinu vegna vatnsflóðs þó ekki sjávarflóða.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var hér um vatnsfóð að ræða samkvæmt vátryggingaskilmálum. Ekki er unnt að fallast á þá afstöðu vátryggingafélagsins að um stórkostlegt gáleysi ökumanns bifreiðarinnar hafi verið að ræða.

Ekki er um sambærilegt tilvik að ræða og fjallað var um í úrskurði Úrskurðarnefndar nr. 257/2006. Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. október 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.